



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 30. apríl 2024, fundur hófst kl. 20:00.

Staður: Fundarherbergi Spretts

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Hermann Vilmundarson, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson og Þórdís Anna Gylfadóttir yfirþjálfari. Fjarverandi voru Lárus Sindri Lárusson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

1. Yfirþjálfari kynnr það sem er á döfinni

Yfirþjálfari kom og kynnti sitt starf sem af er vetri og það sem framundan er.

Það kom ma. fram í máli hennar að mikil eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum í vetur og talsvert um að fólk úr nágrennfélögunum sækist eftir að komast á námskeið hjá Spretti. Kennarar almennt ánægðir með aðstöðuna og þá sérstaklega Húsasmiðjuhöllina eftir að hitablásarinn komst í gagnið.

Æskulýðsstarfið hefur verið mjög blómlegt í vetur líkt og undanfarin ár og eru ungir Sprettarar duglegir að koma með hugmyndir fyrir starfið. Herdís Björg Jóhannsdóttir kom og hélt áhugaverðan fyrirlestur, farið var í heimsókn á Árbakka, Hulda María kynnti Liberty þjálfun og haldnir voru fræðsludagar hjá Olil Amble svo eitthvað sé nefnt. Rætt um að kynna æskulýðsstarfið á heimasíðu Spretts.

2. Rýni á stigagjöf

Stjórn vinnur í málinu og mun Jónína víkja af fundi þegar umræða um það fer fram. Katla og Sigurbjörn sátu fyrsta fund en Lárus er líka í þessum hóp ásamt starfsmönnum félagsins Dísu og Lilju.

3. Deiliskipulag hjá Kópavogsbæ

Sigurbjörn fór yfir fund með Kópavogsbæ. Þetta þarf að taka betur fyrir á næsta stjórnarfundum og þar þarf að taka afstöðu til útistandandi spurninga sem fram komu á fundinum með bænum.

4. Staða á Landsmótsmálum

Jónína er komin í varastjórn LM24 og á síðasta fundi var ma. rætt um sjálfboðaliðastarfið. Jónína stakk upp á því að halda fund hjá Spretti fyrir bæði félögin þar sem farið verði yfir hvernig staðið verður að sjálfboðaliðsstarfinu. Stefnt að því að halda slíkan fund 15 maí. Sigurbjörn tekur við þeim styrkbeiðnum sem fyrrverandi formaður var með í vinnslu. LM24 óskar eftir því að Sprettur ræði við Kópavogsbæ og Garðabæ um hvort bæjarfélögin sé til í að styrkja Landsmótið.

5. Mál sem upp hafa komið á milli funda

Rætt um nýafstaðið Firmamót, hvernig til tókst og hvað mætti betur fara. Eitthvað um að bikarar hafi ekki skilað sér og einnig vantar upp á merkingar á þeim, Lilja tekur það mál áfram.

Mögulega þarf að auglýsa svona mót betur til að félagsmenn mæti og styrki félagið, að þetta

verði stór viðburður. Stofna þyrfti sérstaka firmamótsnefnd sem starfar allan veturinn og sér um að undirbúa mótið og halda það.

Metamótsnefnd, þarf að koma henni í gang sem fyrst.

Katla, langar að hitta formenn deildanna, 1. deildar og Áhugamannadeildar og ræða hvernig deildirnar gengu í vetur.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson